



RETINA RISK

Retina Risk– byltingarkennt app sem metur einstaklingsbundna áhættu á augnsjúkdómum

Retina Risk App er einstök og byltingarkennd tækninýjung sem gerir fólki með sykursýki kleift að fylgjast með einstaklingsbundinni áhættu þeirra á að þróa með sér augnsjúkdóma sem leitt geta til sjónskerðingar og jafnvel blindu. Reiknivélin er hönnuð af íslensku fyrirtæki sem stofnað var af íslenskum fræðimönnum og heilbrigðisstarfsfólki, með yfir 30 ára reynslu í skimun á augnsjúkdómum og meðhöndlun á sykursýki.

Sykursýki er alheimsfaraldur en tíðni sjúkdómsins hefur þrefaldast frá aldamótum. Í dag er talið að um 430 milljónir manna um heim allan þjáist af sykursýki og er gert ráð fyrir að sá fjöldi fari yfir 600 milljónir árið 2045. Augnsjúkdómar af völdum sykursýki eru í mörgum löndum algengasta orsök sjóntaps fólks á vinnualdri og næst algengasta orsök blindu. Tveir þriðju hluti fólks með sykursýki þróa með sér augnsjúkdóma og er þriðjungur þessa hóps í mikilli hættu á sjónskerðingu eða jafnvel blindu ef þau eru ekki greind og meðhöndluð tímanlega.

Lýðheilsunálgun með reglulegri augnskimun og fyrirbyggjandi lasermeðferð sannaði gildi sitt fyrst á Íslandi og hefur breiðst til annarra landa. Retina Risk Appið gerir fólki með sykursýki kleift að meta í rauntíma einstaklingsbundna áhættu sína á að fá sjónskerðandi augnsjúkdóma, byggt á áhættuþáttum hvers einstaklings, og að fylgjast með framgangi sjúkdómsins. Appið hefur að geyma ítarlegar leiðbeiningar og gagnlegar upplýsingar um sykursýki, sykursýkisaugnsjúkdóma sem og leiðbeiningar um sjálfsumönnun. Appið gerir þannig fólki með sykursýki betur kleift að skilja ástand sitt, auka heilsulæsi sitt og verða virkir þátttakendur í eigin heilsugæslu.

Retina Risk Appið styður sjálfseflingu einstaklingsins með því að gera hann meðvitaðri um eigin áhættu á augnsjúkdómum tengdum sykursýki sem og mikilvægi reglulegrar augnaskimunar og tímanlegrar lækni skoðunar. Það hvetur fólk með sykursýki til að verða ábyrgari og betur upplýstir sjúklingar. Appið sýnir á skýran og auðskiljanlegan hátt hvernig betri stjórnun á áhættuþáttum, t.d. blóðsykri (HbA1c) og blóðþrýstingi, getur dregið úr áhættu á sjónskerðandi augnsjúkdómum vegna sykursýki.

Retina Risk áhættureiknirinn var þróaður á grunni víðtækra alþjóðlegra rannsókna á áhættuþáttum sem vitað er að hafa áhrif á framvindu sykursýki, t.d. árafjölda með sykursýki, kyn, blóðþrýstings- og blóðsykursgildi. Yfir 20.000 einstaklingar, bæði á Íslandi og erlendis, tóku þátt í rannsóknunum og hafa niðurstöðurnar verið birtar í virtum læknatímaritum um heim allan.

Retina Risk Appið vistar engar heilsufarsupplýsingar og notar *digi.me* hugbúnaðinn til að gera notendum kleift að nálgast upplýsingum frá Heilsuveru á öruggan hátt í samræmi við persónuverndarlöggjöf.

Retina Risk Appið er fánlegt gjaldfrítt bæði fyrir iOS og Android í



Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðunni www.retinarisk.com

